

Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

36. fundur, 9. mars

Fundur haldinn miðvikudaginn 9. mars 2022 á skrifstofu Grýtubakkahrepps og hófst fundurinn kl. 13:30. Fundi slitið kl. 15:25

Fundinn sátu: Hilda Jana Gísladóttir formaður, Sigurður Þór Guðmundsson, Pröstur Friðfinnsson, Aldey Unnar Traustadóttir fyrir Kristján Þór Magnússon, Eva Hrund Einarsdóttir, Jón Stefánsson, Helga Helgadóttir, kom inn á fjarfundi kl. 14:50, og Eyþór Björnsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur SSNE 2021

Niels Guðmundsson endurskoðandi fór yfir drög að ársreikningi SSNE 2021 og lagði fram til staðfestingar. Rögnvaldur Guðmundsson sat einnig fundinn undir þessum lið.

Stjórn SSNE staðfestir ársreikning 2021 og verður hann undirritaður rafrænt.

2. Fjárhagsáætlun SSNE 2023

Rögnvaldur Guðmundsson fór yfir fjárhagsáætlun 2022 og drög að fjárhagsáætlun 2023.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og verður fjárhagsáætlunin lögð fyrir ársþing í apríl með þeim breytingum sem samþykktar voru á fundinum.

3. Jafnréttismál og byggðaðróun

Rebekka Kristín Garðarsdóttir ræddi tillögur sem snúa að jafnréttismálum og tengingu þeirra við byggðaðróun. Rætt var um það m.a. hvernig jafnréttismál geta endurspeglast í starfi SSNE.

Stjórn leggur til að gerðar verði breytingar á aðgerðaráætlun Sónnaráætlunar með tilliti til samvinnunar byggða- og jafnréttismála og að málið verði tekið til umræðu á ársþingi samtakanna.

4. Undirbúningur fyrir ársþing 2022

Framkvæmdastjóri kynnti drög að tillögum fyrir ársþing 2022 ásamt dagskrárdrögum.

Stjórn SSNE samþykkir tillögurnar með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum og verða þær lagðar fyrir ársþing í apríl.

5. Staða verkefna og 90 daga áætlun

Umræðum frestað til næsta stjórnarfundar

6. Ársskýrsla SSNE 2021

Umræðum frestað til næsta stjórnarfundar

7. Efni til kynningar.

- a) Fundargerð 78. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins
- b) Fundargerð 907. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- c) Bókun byggðarráðs Norðurlands varðandi fjámögnun málaflokks fatlaðra
- d) Samþykkt stjórnar Sambandsins varðandi Úkraínu
- e) Umsögn Fjallabyggðar um þingsályktunartillögu um úttekt á tryggingarvernd í kjölfra náttúruhamfara
- f) Fréttaskot frá Markaðsstofu Norðurlands

8. Frá nefndasviði og samráðsgátt

- a) [Frumvarp til laga](#) um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011
- b) [Frumvarp til laga](#) um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003
- c) Skýsla starfshóps um [stöðu og áskoranir í orkumálum](#).
- d) [Glærुकyning](#) starfshóps um stöðu og áskoranir í orkumálum.

9. Önnur mál